

Nd.

46. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 79 19. júní 1933, um heimildir til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar.

Flm.: Gisli Guðmundsson.

1. gr.

Á eftir orðunum „er tekin hafa verið“ í 5. gr. laganna komi: og tekin verða á tímabilinu til ársloka 1935.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 5. gr. laga frá 1933 um heimildir til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar var ríkisstjórninni heimilað að „taka að sér greiðslu á lánum allt að $\frac{1}{4}$ stofnkostnaðar, er tekin hafa verið til að reisa frystihús samvinnufélaga eða sýslufélaga, enda sé aðalhlutverk þeirra að frysta kjöt til útflutnings“.

Þessi hjálp til þeirra bænda, sem að frystihúsunum standa, var í samræmi við þann styrk, sem áður hafði verið ákveðinn til mjólkurbúa. En í lögnum er eingöngu heimilað að greiða styrkinn til frystihúsa, sem lán höfðu verið tekin til áður en lögin gengu í gildi. Þetta er bersýnilega ranglátt. Þau héruð, sem nú á næstunni myndu vilja koma sér upp frystihúsum, hljóta að gera kröfu um sömu aðstoð frá ríkinu og áður hefir verið veitt. Væri það hróplegt ranglæti, ef slík héruð ættu að gjalda þess, að þau hafa sætt sig við saltkjötsmarkaðinn. Hitt er sönnu nær, að þeim sé þessarar hjálpar hvað mest þörf, sem hafa orðið að una við hið lága saltkjötsverð.

Í frv. er lagt til, að heimildin til að greiða úr ríkissjóði allt að $\frac{1}{4}$ stofnkostnaðar frystihúsa nái fyrst um sinn fram að árslokum 1935.